

Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga, haldinn 19. maí 2017, kl 14.30. Fundurinn var haldinn í fjarfundi.

Mætt voru Pétur G Markan, formaður, Ingibjörg Emilsdóttir, Jón Örn Pálsson, Margrét Jómundsdóttir og Sigurður Hreinsson.

Gengið til boðaðar dagsskrár sem hér segir

1. Fundargerð stjórnarfundar 15. maí 2017
2. Ársreikningur 2016 og endurskoðuð fjárhagsáætlun 2017
3. Uppbyggingarsjóður Vestfjarða
4. Nefnd um samfélags- og atvinnuþróun á Vestfjörðum (Vestfjarðanefnd 2016)
5. Önnur mál.

1. Fundargerð stjórnarfundar 15. maí 2017
Fundargerð sem staðfest var í tölvupósti lögð fram til endanlegrar staðfestingar. Fundargerð staðfest. Ingibjörg sat hjá við afgreiðslu fundargerðar þar sem hún sat ekki fundinn.

2. Ársreikningur 2016.
Mættur til fundar Guðmundur E Kjartansson, endurskoðandi FV.
Guðmundur kynnti niðurstöðu ársreiknings fyrir árið 2016.

Heildartekjur sambandsins námu 261.444 þ.kr. en rekstrargjöld 255.137 þ.kr. þar af eru laun og launatengd gjöld 58.503 þ.kr. Rekstrarafkoma er jákvæð um 6.166 þ.kr., en að teknu tilliti til afskrifta, fjármunatekna og gjalda er hún jákvæð um 7.450 þ.kr. Heildareign sé samkvæmt efnahagsreikningi 151.250 þ.kr. í árslok 2016, en skuldir og skuldbindingar rúmum 112.021 þ.kr. Eigið fé nemur því 39.228 þ.kr.

Vegna verkefna í vinnslu er gert ráð fyrir að 34.924 þ.kr. flytjist til ársins 2017. Lífeyrisskuldbinding sem ekki er færð í ársreikning var samkvæmt tryggingarfræðilegum forsendum metin í árslok 2015 45.039 þ.kr.

Framkvæmdastjóri yfirlit um ónotaða styrki og verkefni í vinnslu á ármótum 2016 og 2017.

Formaður gerði tillögu um að ársreikningur og skýrsla stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga fyrir árið 2016 verði samþykkt.

Tillagan samþykkt.

Guðmundur vék af fundi.

Framkvæmdastjóri kynnti drög að endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 og fjárhagsgreiningu á áramótum á stöðu einstakra deilda. Framkvæmdastjóra falið að ljúka gerð endurskoðaðar fjárhagsáætlunar á grunni umræðu á fundinum.

3. Uppbyggingarsjóður Vestfjarða

Formaður óskaði staðfestingu stjórnar á tillögu framkvæmdastjóra um fjármögnun aukaúthlutunar

- A. 7.850 þkr .Eftirstöðvar frá fyrri úthlutun
- B. 2.730 þkr. Endurúthlutun niðurfelldra styrkframlaga 2015 og 2016 samt. 10.580 þkr
- C. 2.420 þkr framlag af aukafjárveitingu til Sónaráætlunar Vestfjarða 2017. alls 13.000 þkr

Tillagan samþykkt

Lagðar fram til kynningar fundargerðir úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða frá 15., 17. og 19. maí, vegna aukaúthlutunar á árinu 2017. Alls var samþykkt að úthluta styrkjum til 11 aðila að fjárhæð alls kr 13.000.000,.

Framkvæmdastjóri kynnti hans mat að ferlar við afgreiðslu nefndarinnar hafi verið eftir starfsreglum og geri hann ekki athugasemd við úthlutun nefndarinnar.

Formaður gaf orðið laust um störf úthlutunarnefndar, enginn kvaddi sér hljóðs og gerir stjórn því ekki athugasemd við feril málsins.

- 4. Nefnd um samfélags- og atvinnuþróun á Vestfjörðum (Vestfjarðanefnd 2016)
Framkvæmdastjóri kynnti að fyrir í vor hefði verið leitað til forsætisráðuneytis um samantekt á stöðu verkefna í skýrslu nefndar um samfélags- og atvinnuþróun á Vestfjörðum „Aðgerðaáætlun fyrir Vestfirði“. Haft var í huga að kynna mætti stöðu máls á 62. Fjórðungspingi. Endanleg svör hafa ekki borist frá öllum ráðuneytum og gerir framkvæmdastjóri að tillögu að FV leyti eftir fundi stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál þegar niðurstaða liggja fyrir.
Formaður bar upp tillögu framkvæmdastjóra, tillagan samþykkt.

- 5. Önnur mál.
Engin önnur mál komu fram.

Formaður sleit fundi kl 15.30.

Fundargerð ritaði Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri.